

Nd.

529. Lög

um framlenging á gildi laga nr. 3, 1. apríl 1924, um bráðabirgðaverðtoll á nokkrum vörutegundum, og breyting á þeim lögum.

(Afgreidd frá Nd. 11. maí).

1. gr.

Á eftir orðunum »20% af innkaupsverði þeirra vara« í 1. málsg. 1. greinar laga nr. 3, 1. apríl 1924, um bráðabirgðaverðtoll á nokkrum vörutegundum, kemur: nema þær vörur, sem hjer eru taldar:

- A. Með 30% stimplast eftirtaldar vörur: Andlitsduft. Andlitssmyrsl. Blóm, tilbúin. Dúnn. Eirvörur. Fiður. Fiskmeti, nýtt, saltað, hert, reykt eða niðursoðið. Floshattar. Flugeldar og flugeldaefni. Gimsteinar og hverskonar skrautgripir. Glysvarningur og leikföng allskonar. Gullsmiðis- og silfur-smiðisvörur. Hársmyrsl. Hnetur. Ilmvötn og hárvötn, sem ekki falla undir lög nr. 41, 27. júní 1921. Jólattrjesskraut. Kaffibrauð allskonar, annað en kex. Kniplingar. Lakkris. Lakkskór. Loðskinn og fatnaður úr þeim. Makrónudeig. Marsípan. Myndabækur. Myndarammar. Nikkelvörur. Nýsilfurvörur. Plettvörur. Silki og silkivarningur. Silkihattar. Silkiskór og flosskór. Skrautfjaðrir. Sóhlífar. Spil. Tinvörur. Veggmyndir.
- B. Með 10% stimplast eftirtaldar vörur: Ávextir, nýir og niðursoðnir. Brennisteinssýrur. Bæs. Efni og áhöld til logsuðu og logskurðar. Efni til gasframleiðslu. Ný egg. Eldavjela- og ofnahlutar. Gibslistar. Gleraugu. Gluggar. Grænmeti niðursoðið. Hagldabrauð og tvíbökur. Hellulitur. Heygrimur. Heymælar. Hjólafir. Hljóðfæri, nema grammófónar og grammófónplötur og hljóðfæri þau, sem talin eru í 2. gr. Hunang. Húsgögn. Hurðarhúnar. Hurðir. Húsgagnafjaðrir og keðjubotnar í rúm. Húsnúmer. Hvalur. Kaffikvarnir. Kaffikönnur. Kitti. Kjötkvarnir. Kristallakk. Leðurlíking. Lofthanar. Nálar. Oliuhanar. Oliulampar. Pakkalitur. Prjónar. Reiðhjólahlutar. Rítvjelar og fjölritar. Reikningsvjarlar og talningarvjarlar. Skotfæri. Skráfur. Sporvagnar. Stoppefni í húsgögn. Straujárn. Terpentína. Trjelím. Varahlutar til viðgerðar á vjelum og áhöldum. Vatnshonar. Purkefni. Þvottaefni. Purkaðir ávextir.

Frá 1. mars 1926 skulu reikningar þeir, sem til þess tíma hafa verið stimplaðir með 30%, stimplast með 20%, þeir, sem stimplaðir hafa verið með 20%, stimplast frá sama tíma með 15%, og þeir, sem stimplaðir hafa verið með 10%, með 5%.

2. gr.

Aftan við 3. málsg. 1. greinar kemur: Asbestþráður. Áttavitar. Baðmullartvinni. Blaðgull til gyllingar. Boltar og rær. Efni til bókbands. Fiðlur. Flygel, til afnota í opinberum samkomusal. Harmonía. Hnoð. Hvítmálmur. Keðjulásar. Kirkjuorgel. Kondensatorþráður. Koparrör. Látún. Ljósker. Piano. Sink. Skriðmælar. Skrifbækur og kensluáhöld. Tvinni. Vefjarskeiðar. Veggalmánök með spjöldum. Vitatæki og ljósmerkjatæki og efni til þeirra. Vjelapjettingar. Vjelavaselín. Vörpukeðjur.

3. gr.

Við síðustu málsg. 1. greinar bætist: svo og allar vjelar til iðnaðar og framleiðslu.

4. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. júní 1925 og gilda til ársloka 1926.